

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar.

Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **vátryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Sjúkra- og slysatriygging?

Sjúkra- og slysatriygging er fjárhagsleg vernd fyrir vátryggðan ef hann býr við varanlegra örorku í kjölfar slyss eða sjúkdóms. Einnig er hægt að kaupa vernd fyrir tímabundinni örorku vegna slysa eða sjúkdóma og dánarbætur vegna slyss. Ef vátryggður stundar séráhættu eins og köfun eða fallhlífastökk er hægt að kaupa sérstaka vernd sem tekur til þessara þátta.



Hvað bætir tryggingin?

Sjúkratriygging

- ✓ Tímabundinn missi starfsorku vegna sjúkdóms ef starfsorkumissir er 50% eða meiri.
- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku vegna sjúkdóms, ef örorka er 25% eða hærri.
- ✓ Starfsörorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát af völdum fylgikvilla.

Slysatriygging

- ✓ Tímabundinn missi starfsorku vegna slyss, ef starfsorkumissir er 50% eða meiri.
- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyss.
- ✓ Dánarbætur vegna slyss.
- ✓ Tannbrot sem rekja má til slyss.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Sjúkratriygging

- ✗ Sjúkdóm sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en vátryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.

Slysatriygging

- ✗ Tannbrot sem verður þegar vátryggður matast.
- ✗ Slys sem verða við keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni.
- ✗ Slys er verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífartökki, froskköfun og teygjustökki.
- ✗ Slys sem verða í hvers kyns flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- ✗ Tjón sem stafa af brjósklosi, þursabiti (lumago ischias), slitgigt eða hvers kyns öðrum gigtarsjúkdómum.
- ✗ Slys sem beint eða óbeint orsakast af blindu, mikilli nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, bæklun, flogaveiki, slag, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum og/eða sjúkdómseinkennum.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð Varðar niður. Tjón af völdum stórkostlegs gáleysis getur leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins.
- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að kynna sér skilmála tryggingarinnar.



Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi. Annars staðar í heiminum gildir hún í allt að sex mánuði frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið og slíkt áritað á skírteini.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Svара öllum spurningum Varðar vegna áhættumats rétt og af heiðarleika.
- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Reyna að afstýra tjóni eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrir mælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið.
- Breyting á starfi váttryggingataka/váttryggðs skal tilkynna félaginu án tafar.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á váttryggingartímabilinu. Iðgjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.